

og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfundar og ritari les fundargerð í lok hvers fundar. Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt af fundarmönnum.

#### 10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbólum og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnaðar í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

#### 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélaginu Lind í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1967.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## SAMÞYKKT

### fyrir Vatnsveitufélag Bæjabænda.

#### 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Bæjabænda. Heimili þess og varnarþing er Bæjum.

#### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

#### 3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Bæjum I, Bæjum II, Bæjum III, Jens Guðmundsson, Páll Jóhannesson og Óskar Halldórsson.

Hver stofnandi greiðir  $\frac{1}{3}$ , kr. 30 000.00 — þrjátíu þúsund krónur — sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagismaður, fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, sem heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúenda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

#### 4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því, er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

#### 5. gr.

Stofnkostnaður að upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar greiðist í eftirtöldum hlutum fyrir býli á félagssvæðinu:  $\frac{1}{3}$  á hvern aðila — þrjátíu þúsund krónur. —.

Stofnkostnaður alls kr. 90 000.00 — níutíu þúsund krónur —. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheima árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtu-kostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

#### 6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

#### 7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

#### 8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

#### 9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

## 10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

## 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Bæjabænda í Snæfjallahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1967.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

## um hámarkshraða ökutækja í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Hámarkshraði ökutækja á Álafossvegi, í hliðartúnshverfi og í Markholtshverfi í Mosfellshreppi skal vera 35 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. marz 1967.*

**Jóhann Hafstein.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

## um hámarkshraða ökutækja í Eiðahverfi í Suður-Múlasýslu.

Hámarkshraði ökutækja á Þjóðveginum við svonefnt Eiðaskólahverfi, frá heimreiðinni að Eiðaskóla inn að Eiðalæk skal vera 45 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. marz 1967.*

**Jóhann Hafstein.**

*Ólafur W. Stefánsson.*